
Fundargerð 2016

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands haldinn þann
20. maí 2016 kl. 16:00 í aðalútibúi Landsbankans Austurstræti 11,
2. hæð.

Gögn sem lágu fyrir fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

- Ársreikningur ársins 2015
- Engar tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt með lófataki. Börkur Thoroddsen tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi Gústav Gústavsson starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla stjórnar - Sigurgísli Ingimarsson
2. Kynning ársreiknings- 2015 - Ólafur Páll Gunnarsson
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt 2015 - Bjarni Guðmundsson
4. Fjárfestingarstefna 2016 - Pétur Pétursson
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál, löglega fram borin

Á fundinn voru mættir 9 sjóðfélagar sem fara samtals með 4,99% af atkvæðarétti.

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Sigurgísla Ingimarssyni stjórnarformanni sjóðsins orðið. Erindi hans fer hér á eftir:

„Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundargestir!

Rekstrarár Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands sem nú lýkur, var afar árangursríkt. Hrein raunávöxtun séreignardeildar var 11,25 % miðað við vísitölu neysluverðs á meðan sameignardeildin var með 10,91% raunávöxtun miðað við vísitölu neysluverðs en þetta reyndist með hæstu ávöxtun innan íslenska lífeyrissjóða kerfisins á árinu 2015 en meðal raunávöxtun íslenskra lífeyrissjóða var 8% á árinu 2015. Langtíma ávöxtun sjóðsins er afar góð og er 5 ára raunávöxtun séreignar 5,67% og sameignar 5,56%.

Deildirnar eru gerðar upp á mismunandi hátt um áramót og er raunstaða eigna sameignardeildar hærri en uppgjör segir til um, því að skuldabréf deildarinnar eru ekki reiknuð á markaðskröfu heldur kaupkröfu.

Eignasafn beggja deilda sjóðsins stendur mjög traustum fótum og samanstendur að stærstum hluta af skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, innlánnum og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Eins og fram kemur í ársreikningi sl. árs eru allar kennitölur úr rekstrinum afar jákvæðar en ársreikningurinn verður skýrður nánar hér á eftir af framkvæmdastjóra sjóðsins.

Efnahagsaðstæður þjóðfélaginu hafa afgerandi áhrif á ávöxtunar- og afkomumöguleika lífeyrissjóðanna. Síðasta ár var afar hagfelld fyrir þjóðarbúið og hagvöxtur reyndist 4%. Verðbólga hélst áfram lág eða 2% og var því enn eitt árið undir verðbólguviðmiði Seðlabankans. Atvinnustig er hátt og var atvinnuleysi aðeins 2.9%. Skuldir fyrirtækja og heimila héldu áfram að lækka. Fjárhagur heimila vænkaðist og samkvæmt könnunum ná 53% landsmanna að safna sparifé.

Neysla og fjárfesting drógu hagvöxtinn áfram. Mikil aukning var í fjárfestingu atvinnuveganna eða um 30% og hafði aukist um 23% frá fyrra ári. Þrátt fyrir mikla aukningu útflutnings var framlag utanríkisverslunar til hagvaxtar neikvætt þar sem innflutningur jókst talsvert umfram útflutning.

Hagvaxtarhorfur á Íslandi eru með því besta sem gerist meðal þróaðra ríkja og er gert ráð fyrir áfram-

haldandi hagvexti út árið 2018 og erum við þá búin að upplifa 8 ára samfelld hagvaxtarskeið frá árinu 2010. Með þessum stöðuga og aukna hagvexti er hætt við að framleiðslulakinn í hagkerfinu breytist í spennu sem leitt gæti til þenslu og ofhitnunar hagkerfisins. Við slíkar aðstæður þarf að hafa varann á og er afar mikilvægt að hið opinbera haldi að sér höndum og ýti ekki undir þensluna með fjárfestingum á sama tíma og einkageirinn.

Þó verðbólga sé lág í augnablikinu er talsverð óvissa um verðbólguhorfur og má í því sambandi nefna að að launahækkningar sem samið var um í síðustu kjarasamningum muni hugsanlega leiða til aukinnar verðbólgu seinna meir, einnig ber að nefna að framundan er afnám fjármagnshafta sem gæti haft neikvæð áhrif á gengisþróun krónunnar.

Skuldir þjóðarbúsins hafa lækkað verulega og munar þar mest um samning stjórnvalda um uppgjör slitabúa föllnu bankanna. Erlend staða þjóðarbúsins er nú neikvæð um 14% af landsframleiðslu og gæti orðið jákvæð innan tveggja til þriggja ára ef fylgt verður stefnu fjármálaráðherra í niðurgreiðslu skulda ríkisins.

Þetta hefur því leitt til þess að nú hillir undir lok gjaldeyrishaftanna og hefur fjármálaráðherra boðað að í ár verði enn auknar erlendar fjárfestingaheimildir lífeyrissjóðanna. Það er þó enn langt í land að lífeyrissjóðirnir nái yfirlýstu takmarki sínu að eignarhlutfall þeirra verði 50% í erlendum eignum sem verður að teljast nauðsynlegt til að dreifa áhættu í fjárfestingum þeirra.

Vextir á Íslandi verða teljast fremur háir í alþjóðlegum samanburði og hefur það á ný ýtt undir innflæði erlends fjármagns inn í íslenska hagkerfið og hafa erlendir fjárfestingarsjóðir keypt ríkisskuldabréf fyrir 80 milljarða á innan við ári. En sporin hræða og nauðsynlegt er að

stjórntæki sem takmarkar vaxtamunarviðskipti erlendra aðila verði tilbúið þegar afnám gjaldeyrishafta á sér stað. Stjórnvöld hafa í samvinnu við Seðlabankann boðað lagabreytingu sem fæli í sér annað hvort skattlagningu eða bindiskyldu í þeim efnum til að fyrirbyggja aðra snjóhengju.

Eins og áður sagði hillir nú undir afnám gjaldeyrishaftanna og öðlast lífeyrissjóðirnir þannig á ný aðgang að alþjóðlegum mörkuðum til að dreifa áhættu í eignisöfnum sínum utan íslenska hagkerfisins.

Mikilvæg skref, þó smá væru, voru tekin í þessa átt á síðasta ári er lífeyrissjóðunum var heimilað að fjárfesta erlendis fyrir 10 milljarða. Lífeyrissjóður Tannlækna nýtti sinn hluta þeirrar heimildar til fulls.

Á komandi árum munu lífeyrissjóðirnir því beina fjárfestingum sínum í sívaxandi mæli á erlenda markaði í stað þess að fjárfesta fyrst og fremst á íslenska hlutabréfamarkaðnum og í skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði og sveitarfélögum. Stóraukin fjárfesting lífeyrissjóðanna í ríkisskuldabréfum á undanförunum árum hefur leitt til þess að þeir eru langstærstu eigendur skuldabréfa útgefnum af ríkissjóði. Þegar lífeyrissjóðirnir verða þannig háðir ríkissjóði um kaup á skuldabréfum og ríkissjóður verður að sama skapi háður lífeyrissjóðunum um lán, rennur áhætta þeirra saman. Þá er vá fyrir dyrum. Sjóðsöfnunarkerfið getur þá breyst í gegnumstreymiskerfi án þess að nokkur taki um það ákvörðun. Fjárfestingarstefna LTFÍ á þessum litla og veikburða markaði hefur einkennst af varfærni sem hefur leitt til þess að sjóðurinn hefur hvort tveggja aukist að stærð og styrk undanfarin ár.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins, sem er helsti mælikvarði á styrk hans og getu til að standa undir framtíðar skuldbindingum sínum, var um áramót jákvæð sem nemur 5% samanborið við 1.4% árið áður og raunávöxtun beggja deilda var afar góð eins og ég greindi frá í upphafi. Það er mikilvægt að hafa þessa stöðu í huga þegar nú fara í hönd umræður um framtíðarskipan lífeyrismála á Íslandi í ljósi örra breytinga á aldursamsetningu þjóðarinnar. Samkvæmt mannfjöldaspám OECD mun eftirlaunabætur fjölga hlutfallslega hraðar hérlendis á næstu 20 árum en í nokkru öðru landi í Evrópu (mynd 1). Það eru í sjálfu sér góð tíðindi og því ber að fagna að við komum til með að lifa lengur en á sama tíma er það enn mikilvægt að lífeyrissjóðirnir nái sem bestum árangri til að standa undir lífeyrisgreiðslum í mun lengri tíma en áður.

Stjórn sjóðsins fundaði reglulega á árinu með framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins samkvæmt fundaráætlun. Auk þess átti sá er hér talar reglulega fundi með framkvæmdastjóra og fjárfestingastjóra til að fjalla frekar um tiltekin málefni er til féllu á milli reglulegra stjórnarfunda og eins til að undirbúa stjórnarfundi. Endurskoðunarnefnd LTFÍ starfaði á síðasta ári samkvæmt skipunarbréfi. Nefndarmenn hennar, skipaðir af stjórn LTFÍ voru

Gísli Vilhjálmsson og Þórólfur Ólafsson tannlæknar og Jón Gunnsteinn Hjálmarsson löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila svo og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Ennfremur að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðanda svo og að koma með tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda til næsta árs með fyrirvara um að samningar náist við viðkomandi aðila.

Eins og áður sagði er eignastaða LTFÍ afar góð og hefur hann ákveðna sérstöðu á vettvangi íslenskra lífeyrissjóða hvað séreignarstefnu og erfanleika eigna varðar.

Rekstur LTFÍ er sem fyrr í rekstri hjá Landsbankanum. Stjórn LTFÍ leitast þó ávallt við að leita leiða til til að finna rekstri sjóðsins sem allra hagstæðastan farveg, þannig að ávöxtun eigna sjóðfélaga verði með sem allra besta móti.

Það er markmið stjórnar LTFÍ að efla sjóðinn með fjölgun sjóðfélaga.

Í því skyni hafa starfssemi sjóðsins og kostir hans verið kynntir tannlæknum með reglulegu milli-bili. Má í því sambandi nefna að nýútskrifuðum tannlæknum er ávallt sent ítarefni um sjóðinn og tannlæknanemum er boðið til kynningar á sjóðnum í húsakynnum Landsbankans á hverju hausti og boðið að ganga í sjóðinn. Þetta hefur borið þann árangur að nánast allir tannlæknar sem hafa útskrifast frá árinu 2011 og jafnframt einhverjir makar þeirra hafa kosið að ganga í sjóðinn. Til frekari upplýsinga í þessu sambandi vil ég nefna það að á árinu 2015 bættust við 21 nýir virkir sjóðfélagar í sjóðinn og það sem af er þessu ári hafa enn bætast við 14 nýir sjóðfélagar. Við í stjórn LTFÍ lítum svo á að þetta sé ótvírætt merki um að tannlæknar sjái hag sínum best borgið innan vébanda LTFÍ þegar um lífeyrissparnað er að ræða.

Í upphafi síðasta árs var stjórnarformanni boðið að halda erindi um lífeyrismál á Janúarþingi Tannlæknafélags Íslands og var þar komið kærkomið tækifæri til að kynna kosti okkar ágæta lífeyrissjóðs.

Til að mæta enn frekar þörfum sjóðfélaga hóf sjóðurinn á síðasta ári á ný veitingu lána til sjóðfélaga og hefur þetta fyrirkomulag mælst vel fyrir. Það er von stjórnar og rekstraraðila LTFÍ að þessi

nýjung veki áhuga og hvetji enn fleiri tannlækna til beina lífeyrisgreiðslum til LTFÍ.

Öllum tannlæknum var sent kynningarefni um lífeyrissjóðinn í aðdraganda ársþings tannlæknafélagsins. Jafnframt voru stjórnarmenn á þinginu og veittu allar nánari upplýsingar um málefni sjóðsins.

Eins og undangengin ár voru öllum tannlæknum sendar jólakveðjur frá LTFÍ þar sem þeim var einnig bent á skattalegt hagræði séreignasparnaðar tengdum einkahlutafélögum og sameignarfélögum. Þetta varð til auka slíkar inngreiðslur til muna.

Það er bjargföst skoðun stjórnar LTFÍ að hag allra tannlækna sé bezt borgið innan vébanda LTFÍ enda lífeyrissjóður tannlækna að stærstum hluta séreignasjóður sem erfist að fullu til maka og barna. Eins og áður sagði er tryggingafræðileg staða sjóðsins afar góð, örorkubyrði afar lág, stjórn sjóðsins er einvörðungu skipuð tannlæknum og sjóðurinn býr við fullkomið sjóðfélagalýðræði. Það er athyglisvert að geta þess í þessu samhengi að þegar stærsti lífeyrissjóður landsins ákvað loks að gefa almennum sjóðfélögum kost á að bjóða sig fram til stjórnarsetu var fenginn ráðningarskrifstofa til að meta hæfi umsækjenda frekar en að kjósa um þá á ársfundi viðkomandi lífeyrissjóðs.

Eins og áður sagði þá eldist þjóðin hratt og á næstu 15 árum fjölgar ellilífeyrisþegum um 70% eða um 26 þúsund og árið 2030 verða 67 ára og eldri því orðnir 64 þúsund en á sama tíma fækkar vinnandi höndum. Vinnumarkaðurinn hefur búið við það að vaxa um 1.5% ári og þannig hefur vinnuaflinu fjölgað um tvö þúsund árlega en það stefnir í mikla árlega fækkun á vinnumarkaði á komandi árum og gæti sú nýliðun endað í fimm hundruð á ári

Þetta mun leiða til þess að sífellt verður erfiðara að uppfylla lífeyrisskuldbindingar í gegnumstreymissjóðum sem byggja á því að sífellt bætist við fleiri nýir sjóðfélagar til að bera uppi lífeyrisskuldbindingar þeirra sem eldri eru. Þetta mun því að lokum knýja þessa lífeyrissjóði til að grípa til ráðstafana eins og t.d. að hækka lífeyrisaldur, hækka iðgjöld og draga úr fjölda öryrkja svo fátt eitt sé nefnt.

Ekkert af þessu á við um LTFÍ sem byggir á afar ríkri séreignarsöfnun þannig að hver og einn einstaklingur leggi fyrir í sjóð sem standi undir eftirlaunagreiðslum hans. Ég vil því enn og aftur undirstrika mikilvægi þess að aldrei verði hvíkað frá þeirri stefnu að halda óbreyttu formi á LTFÍ.

Í ljósi þessa verður þýðing þess að velja sér réttan lífeyrissjóð mikilvægari sem aldrei fyrr!

Þetta ættu ungir og nýútskrifaðir tannlækna að hafa hugfast og setja því lífeyrissparnað í forgang þegar þeir hefja störf.

Í þessu samhengi er þó vert að vekja athygli á því að að íslenska lífeyrissjóðakerfið er afar vel sett með sína miklu sjóðsöfnun þar sem hver og ein kynslóð safnar fyrir og byggir upp sinn lífeyrissjóð.

Íslenska lífeyrskerfið er afar öflugt og voru eignir þess rúmir þrjú þúsund milljarðar í lok síðasta árs. Þegar vel gengur er hætt við að margir renni til þess húru auga og eru þá stjórnámálamenn yfirleitt fremstir í flokki. Nýjasta útspilið í þessum efnum er að að ungt fólk sem er að hefja störf verði undanþegið greiðslu í lífeyrissjóð fyrstu fimm árin í starfi og í stað þess fari þessar greiðslur í að greiða niður fasteignaveðlán. Þessar hugmyndir tel ég með öllu afleitar. Í fyrsta lagi ber að nefna að fyrstu inn-greiðslur í lífeyrissjóð eru þær aldýrmætustu því þær koma til með að ávaxtast lengst. Í öðru lagi skulum við hafa það hugfast að lífeyrir er ekki aðfararhæfur en það er fasteign aftur og móti. Í þriðja lagi er með þessari tillögu einfaldlega verið að velta vandanum á undan sér.

Í lögum um lífeyrissjóði segir að lífeyrissjóður hafi þann einn tilgang að taka á móti iðgjöldum sjóðfélagans, ávaxta þau og skila honum að lokum sem ríkulegustum lífeyri.

Með því að undanskilja einn hóp frá þeirri kvöð að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð yfir ákveðið tímabil er hætta á að ójafnvægi gæti skapast sem skekkt gæti verulega tryggingafræðilega og eignastöðu lífeyrissjóðanna. Því hafna ég þessari hugmynd alfarið og tel hana vanhugsaða og í raun afleita.

Ef stjórnvöld hafa hug á að auðvelda ungu fólki að eignast sína fyrstu fasteign þá verða þau að gera það á sínum forsendum og halda lífeyrissjóðunum alfarið fyrir utan ramma í slíkum hugleiðingum.

Við lifum viðsjárverða tíma í okkar góða landi nú um stundir og í ár er kosningarár og er því hætt við að inn á svið landsmála skeiði pólitískir lukkuriddarar með fullar skjóður loforða og tillagna. Þannig má búast við fleiri tillögum í þessum dúr.

Að þessu sögðu vil ég þó benda á að íslenska lífeyrissjóðakerfið er í fremstu röð í heiminum. Stærð þess nemur nú 155 % af vergri þjóðarframleiðslu og

er enn sem fyrr ásamt því hollenska og svissneska metið öflugasta lífeyriskerfi allra landa Evrópu að skv. OECD. Það er jafnframt ánægjulegt að vekja athygli á því að kostnaður íslenska lífeyriskerfisins er enn sem fyrr afar lágur í alþjóðlegum samanburði (mynd 3). Lífeyrissjóðirnir eru kjölfesta í samfélagi okkar og munu í framtíðinni gegna lykilhlutverki í að skapa sjóðfélögum sínum fjárhagslegt öryggi þegar starfsævinni lýkur.

Það er því afar mikilvægt að stjórnvöld beri gæfu til að standa vörð um og hlúi að þessu góða kerfi, sem íslendingar báru gæfu til að koma á fót fyrir

47 árum, þannig að það megi halda áfram að eflast og dafna öllum til hagsbóta. Að lokum vil ég þakka öllum félögum mínum í stjórn fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á síðasta ári svo og ágætu starfsfólki Landsbankans og vil ég þar sérstaklega nefna Ólaf Pál Gunnarsson framkvæmdastjóra LTFÍ og Halldór Kristinsson fjárfestingarstjóra.

Með þá von í brjósti að næsta starfsár LTFÍ verði gjöfult og gæfuríkt, þakka ég fyrir mig.

Lifið heil.“

2. Ársreikningur 2015

Fundarstjóri gaf því næst orðið, Ólafi Páli Gunnarssyni og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2015. Ársreikningur var lagður fram á fundinum. Ólafur fór yfir lykiltölur í ársreikningnum, rekstrareikning og efnahagsreikning deilda sjóðsins. Ársreikninginn ásamt skýringum má nálgast á heimasíðu lífeyrissjóðsins. <https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Einstaklings-thjonusta/lifeyrissjodir/lsjtannlaekna/LTFI-arsreikningur-2015.pdf>

Ársreikningur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er birtur í einu lagi bæði séreigna og sameignadeild. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaður af endurskoðanda sjóðsins þann 25. apríl 2016.

3. Tryggingafræðileg úttekt 2015

Fundarstjóri gaf Bjarna Guðmundssyni, tryggingafræðing, næstum orðið og gerði Bjarni grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins á árinu 2015. Úttektin er aðgengileg í ársreikningi á heimasíðu sjóðsins. Bjarni gerði einnig grein fyrir reikni-forsendum úttektarinnar og aðferðum. Kom jafn-

framt fram í máli Bjarna að úttektin sneri eingöngu að sameignardeild sjóðsins. Bjarni gerði því næst grein fyrir heildareignum og skuldbindingum sjóðsins. Eignir samtryggingardeildar væru samtals 82,8 milljónum hærri en skuldbindingar eða 4,8% engar breytingar fyrirhugaðar á réttindum sjóðfélaga.

4. Fjárfestingarstefna 2015

Fundarstjóri gefur Pétri Péturssyni sjóðsstjóra orðið og hann fer yfir fjárfestingarstefnu 2016

Fjárfestingarstefnu ársins 2016 má finna á heimasíðu sjóðsins

Pétur Pétursson, sjóðstjóri sjóðsins, gerði þessu næst grein fyrir fjárfestingarstefnu Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands á árinu 2016. Fjárfestingarstefna ársins 2016 var samþykkt af stjórn sjóðsins í nóvember 2015. Stefnan væri mótuð út frá stöðu sjóðsins, aldri sjóðfélaga og áhættuþoli. Fram kom að litlar breytingar hefðu verið gerðar á fjárfestingarstefnu frá fyrra ári. Við mótun fjárfestingarstefnunnar hefði verið horft til þeirra eignaflokka sem sjóðurinn gæti fjárfest í, væntrar ávöxtunar þeirra og áhættu.

Að lokum fór sjóðstjóri yfir þróun markaða á árinu 2015. Fram kom að verðbólga hefði hækkað á árinu en þó verið undir verðbólguþröngmiði Seðlabankans. Mikið líf var á innlenda skuldabréfamarkaðnum árinu 2015 og margt sem hafði áhrif á verðlagningu skuldabréfa, s.s. kjaraviðræður, hótanir um vaxtahækkanir og losun fjármagnshafta. Fram kom að

skuldabréfavísitala kauphallarinnar hefði hækkað um 9,1% á árinu 2015. Þá hefði hlutabréfamarkaðurinn verið mjög líflegur en OMX18 hækkaði um 49%. Afkoma skráðra félaga hefði verið góð og efnahagur sterkur. Erlendir hlutabréfamarkaðir hefðu þróast í ýmsar áttir, en Japan og Evrópa hefðu komið sterkt út á meðan nýmarkaðir hefðu verið slakir. Heimsvísitala hlutabréfa hefði lækkað um 2,6%.

Fundarstjóri, sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi gera athugasemd við fyrstu fjóra liðina á dagskrá fundarins.

Spurningar fundargesta:

Gísli V spurning til Bjarna tryggingastærðfræðings:

Hvaða möguleika hefur sjóðurinn til að bregðast við aldurshækkunum sjóðfélaga?

Svar: Hækka framlag í sameign eða breyta því hvernær útgreiðslu úr sameign byrjar þ.e seinka henni það má breyta því á löngum tíma. Vegna yngri sjóðfélaga þarf að hækka um 20% en 7% eldri.

5. Kosning stjórnarmanna

Kjóra þarf um tvo aðalmenn til þriggja ára

Í framboði voru:

- Margrét Helgadóttir
- Sæmundur Pálsson

Þau eru kosin með öllum greiddum atkvæðum.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Engar tillögur komu fram

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Formaður stjórnar gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna. Samkvæmt henni skulu stjórnarlaun hækka um 10%. Þau yrðu að lokinni hækkun 26.829 kr. á mánuði fyrir stjórnarmann og fimmföld sú upphæð eða 134.145 kr. á mánuði fyrir stjórnarformann.

Fundarstjóri innti fundarmenn eftir því hvort einhver væri á móti þessari tillögu. Svo reyndist ekki vera og var hún því samþykkt með öllum atkvæðum.

8. Kjör endurskoðanda

Tillaga stjórnar að endurskoðanda sjóðsins árið 2016:

Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18

Fundarstjóri bað fundarmenn að gefa merki um afstöðu þeirra til tillögunnar. Enginn var á móti og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. LTFÍ setur fyrirvara ef þóknun verður ekki ásættanleg.

9. Önnur mál löglega borin fram

Engin mál.

Fundi slitið kl 17.00

